

88. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands
haldinn 25.08.10 í Iðu, kl. 16.00

Mætt: Anna Fríða Bjarnadóttir, Guðfinna Ólafsdóttir, Magðalena Jónsdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson varaformaður og Gylfi Þorkelsson formaður, sem ritaði fundargerð. Auk þeirra sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Vísinda- og rannsóknasjóður Suðurlands

- a. Kjósa þarf þrjá fulltrúa FnS í stjórn Vísinda- og rannsóknasjóðs Suðurlands og tvo til vara. Gunnar Bragi, Magðalena og Gylfi voru kosin aðalmenn og Anna Fríða og Guðfinna til vara.
- b. Stjórn staðfestir samþykktar breytingar á vísindasjóðnum með undirritun sinni.
- c. Tölvubréf hefur borist frá Sigurði Snorrasyni, tilsjónarmanni Gabriels Nyongesa Wetang'ula, styrkþega vísindasjóðsins árið 2009. Breytingar hafa orðið á framvindu doktorsnáms Gabriels, sem hafa áhrif á tímafresti á greiðslum til hans frá sjóðnum. Vegna þessa erindis samþykkir stjórn: „Í samræmi við reglur sjóðsins fer stjórn fram á að fá í hendur undirskrifaðan samning af hálfu styrkþega, og staðfesta áætlun um framvindu verksins.“

2. Haustönn 2010. Námsvísir/námskeiðaframboð

Fyrsta námskeið haustannar hefst annað kvöld, um sveppi og sveppatínslu. Löngu er fullt á námskeiðið, og fólk drífur að alls staðar að af landinu. Talsvert er af nýjum námskeiðum á haustönn og útlitið bjart. Umsóknir um styrki frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vegna námskeiða voru samþykktar en þörf er á meiri styrkjum vegna fjölda og stærðar námskeiða. Námsvísir haustannar er tilbúinn og farinn í prentun hjá Svartlist á Hellu, sem bauð lægst í verkið. Fjarhagsstaða Fræðslunetsins er talsvert betri nú en við upphaf haustannar 2009. Stjórn lýsir yfir ánægju sinni með námsvísinni, sem og allan undirbúning haustannar, og þakkar starfsfólki störf sín.

3. Sérstök verkefni á haustönn

- a. 10 ára afmæli Kvasis. Afmælisnefnd Kvasis hefur ákveðið að afmælisfagnaður verði á Hótel Örk 13. október næstkomandi. Dagskráin hefst kl. 13.30 með ráðstefnu og í framhaldinu verður glaðst. Ólafur Páll Jónsson, heimspekingur, mun halda aðalræðu ráðstefnunnar. Haustfundur Kvasis verður haldinn á sama stað daginn eftir.
- b. Raunfærnimat. Framkvæmdastjóri kynnti. Matið hefst í haust, að þessu sinni snýr það að húsasmíði. FnS hefur fengið styrk frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins til að framkvæma matið.
- c. Fræðsluverkefni. FnS og Háskólafélagið sóttu um styrk til Starfsmenntaráðs til náms í atvinnulífinu. Sótt var um vegna stofnunar „Geopark“ í Skaftafells- og Rangárvallasýslu.

- d. Gæði í fræðslustarfi. Framhaldsfræðslulögin sem samþykkt voru á síðasta þingi taka formlega gildi 1. október næstkomandi. Lögin taka til markhóps Fræðslunetsins og gera kröfur um gæði náms og kennslu. Fyrir liggur að fræðslumiðstöðvarnar þurfa að setja sér gæðastefnu, til að geta uppfyllt lögin.
- e. Kynningarefni. Framkvæmdastjóri dreifði því kynningarefni sem starfsmenn FnS hafa útbúið undanfarið og verður dreift um Suðurland á næstunni.
- f. Fundartími. Stjórn samþykkir að stefna að því að halda stjórnarfundi kl. 16.30 á miðvikudögum, þegar tilefni gefst.